



Eiríkur
Rögnvaldsson

Vandalaust mál?

Á fyrsta ári þessarar aldar skrifaði þáverandi formaður Íslenskrar málnefndar, Kristján Árnason prófessor, grein í Málfrégnir þar sem hann skilgreindi ágætlega tvenns konar vanda sem hann taldi íslenskt mál myndi standa frammi fyrir á nýbyrjaðri öld; **formvanda og umdæmisvanda**.

Formvandinn snýst um val á staðli og formi hans, hvað sé talið rétt og rangt, viðeigandi eða ekki. Hvað telst góð og gild íslenska og hvað ekki? Hinn vandinn er spurningin um stöðu tungumála hvers gagnvart öðru, í okkar tilviki auðvitað íslensku gagnvart öðrum tungum. Þetta er spurning um notkunarsvið sem kalla má umdæmisvanda. ... Ég er ekki í vafa um að meginvandi íslenskrar málrættar á þeirri öld, sem nú er nýbyrjuð, verður þessi umdæmisvandi. Þetta er spurningin um sambúð íslensku við aðrar tungur, fyrst og fremst ensku (Kristján Árnason 2001).

Ég er sammála Kristjáni um það að umdæmisvandinn verði meginviðfangsefni íslenskrar málrættar á 21. öldinni – ef íslenska verður undir í samkeppninni við ensku hverfur formvandinn af sjálfu sér, því að íslenska verður þá aðeins safngripur. En ég held að þessi árin þurfi að huga vel bæði að formi og umdæmi tungunnar og um hvort tveggja er fjallað í þessari grein – fyrst formið en síðan umdæmið.

Formið

„Er nú búið að leyfa þetta“

Á fyrri árum mínum í kennslu fékk ég stundum, einkum frá eldri nemendum, spurningar á við „Er nú búið að leyfa þetta?“, yfirleitt bornar fram með hneykslun í röddinni. Ég man svo sem ekki glöggst um hvað verið var að spyrja, en held að oftast hafi uppáhaldsmálvilla Íslendinga, „þágufallssýkin“, verið til umræðu. Ég man hins vegar eftir því hverju ég svaraði því að það var alltaf það sama: að ég vissi ekki hver ætti að leyfa það sem spurt var um – nú eða banna það, ef því væri að skipta. Margir virtust halda að til væri – eða ætti að vera – eitthvert yfirvald, kannski Íslensk málnefnd, sem gæti

leyft og bannað tiltekið málfar eftir smekk og geðþótta.

Á þessum árum, upp úr 1980, var talsverð umræða um rétt mál og rangt og hvernig ætti að skera úr álitamálum á því sviði – hvaða viðmið ætti að hafa. Grein Gísla Pálssonar í Skírni (1979) kallaði fram mikil viðbrögð þeirra sem Gísli nefndi „málveirufræðinga“ og vildu ekki hvika frá því að dæma eitt rétt en annað rangt þar sem tvennt væri uppi. Aðrir drógu taum Gísla, vildu tengja umræðuna félagslegum þáttum og sýna meira umburðarlyndi, og voru þá stundum nefndir „reiðareksmenn“ (Helgi Hálfðanarson 1985).

Um þetta deildu menn í nokkur ár og má líklega segja að umræðan hafi náð hámarki 1985 þegar Samtök móðurmálskennara helguðu íslenskri málstefnu heilt tölu- blað af mál gagni sínu, Skímu. Um það leyti skipaði mennta- málaráðherra nefnd til að gera tillögur um „málvöndun og framburðarkennslu í grunnskólum“. Í álitargerð nefndarinnar (Guðmundur B. Kristmundsson o.fl. 1986) var sett fram skilgreining á réttu máli og röngu: „rétt mál er það sem er í samræmi við málvenju, rangt er það sem brýtur í bága við málvenju“. En jafnframt er bent á að þrátt fyrir þetta geti verið ástæða til að gera upp á milli málvenja, og það sé „í samræmi við meginstefnuna í málvernd að reyna að sporna gegn nýjum málsiðum með því að benda á að þeir séu ekki í samræmi við gildandi málvenjur“.

Það er langt síðan ég hef fengið spurningar eins og þá sem nefnd var í upphafi – hvort það ber vott um minnkandi áhuga nemenda á þessum málum veit ég ekki. Á hinn bóginn finnst mér sjálfum sífellt bagalegra að geta ekki vísað ýmsum álitamálum til einhvers yfirvalds. Ég er að vísu fullkomlega sáttur við að nota málvenjuna til að dæma um rétt og rangt, þótt það viðmið sé ekki með öllu vandræðalaust eins og vísað var til í álitinu þar sem það var sett fram. Það er tekið

fram að ekki sé átt við „einstaklingsbundin tilbrigði í máli. Tiltækið atriði getur ekki orðið rétt mál við það eitt að einn maður temji sér það“. Gott og vel – en ef þeir eru tveir? Eða tíu? Eða fimmtíu? Þarna hljóta alltaf að koma upp matsatriði, en þetta er ekki stórt vandamál.

Íslenskur málstaðall

En þrátt fyrir þetta viðmið hangir enn yfir okkur einhver óopinber staðall, að verulegu leyti óáþreifanlegur og óskráður, um það hvað megi segja, eða a.m.k. skrifa – og sá staðall hefur lítið breyst undanfarna öld. Samkvæmt honum (sjá t.d. Málvarsbankann, e.d.) á ekki að segja eða skrifa „mér langar“ heldur „mig langar“, ekki „við hvorn annan“ heldur „hvor við annan“ ekki „hjá sitthvorri“ heldur „sinn hjá hvorri“, ekki „ef hann sé heima“ heldur „ef hann er heima“, ekki „eins og mamma sín“ heldur „eins og mamma hennar“, ekki „vegna lagningu“ heldur „vegna lagningar“, ekki „það var hrint mér“ heldur „mér var hrint“, ekki „réttu upp hendi“ heldur „réttu upp hönd“, ekki „ég er ekki að skilja þetta“ heldur „ég skil þetta ekki“, ekki „báðir tónleikarnir“ heldur – ja, hvað? „Hvorir tveggja tónleikarnir?“ „Hvorirtveggju tónleikarnir?“ Hver segir það eiginlega?

Það er enginn vafi á því að fyrra afbrigðið í hverri tvennd, það sem á ekki að segja eða skrifa, er málvenja margra – í mörgum tilvikum örugglega meirihluta þjóðarinnar. Þess vegna er þetta allt saman rétt mál, samkvæmt þeirri skilgreiningu sem áður var vitnað til. En það er samt ekki „búið að leyfa þetta“, í þeim skilningi að það sé komið inn í hinn óopinbera staðal. Ef ég, sem háskólakennari í íslensku, færi að boða það að þetta væri í góðu lagi er ég hræddur um að einhvers staðar heyrðist hljóð úr horni og umræða um „reiðareksmenn“ færi aftur á flug.

Íslenskur málstaðall – e.t.v. væri réttara að tala um ritmálsstaðal (sjá Kristján Árnason 2002) – varð til á 19. öld (sjá Atla Jóhannsson 2015) þótt rætur hans séu vissulega í forn máli. Sjálfsagt má segja að Rasmus Kristján Rask, Sveinbjörn Egilsson og Fjölnismenn hafi lagt drög að honum en hann mótaðist svo ekki síst í Lærða skólanum eftir miðja öldina, einkum hjá Halldóri Kr. Friðrikssyni sem var aðalíslenskukennari skólans í hálföld (Alda Bryndís Möller 2014). Björn Guðfinnsson (1938) lagði svo lokahönd á staðalinn með málfræði sinni sem flestir Íslendingar lærðu frá því um 1940 og langt fram eftir öldinni (frá 1958 í endurskoðari útgáfu Eiríks Hreins Finnbogasonar) – sumir jafnvel fram á þessa öld.

Þessi staðall miðast við það sem þótti vandað ritmál fyrir 80–100 árum. Síðan þá hefur eiginlega allt breyst í íslensku þjóðfélagi og það væri mjög undarlegt ef sama málsnið

þjónaði þörfum okkar núna og fyrir einni öld. Enda er það auðvitað ekki svo.

Breytt umhverfi staðalmálsins

Þegar ég byrjaði að kenna upp úr 1980 var bara ein útvarpsstöð á Íslandi og útvarpaði bara á einni rás – fyrirbærið „Rás 1“ var ekki til því að ekki þurfti að greina Útvarpið (með stóru Ú) frá neinu öðru. Það var bara ein sjónvarpsstöð (Sjónvarpið, með stóru S) en fimm dagblöð. Í öllum þessum miðlum sáu menn og heyrðu einungis vandað mál sem samræmdist staðlinum. Talað mál í útvarpi og sjónvarpi var nær allt undirbúið og að verulegu leyti ritmál. Blöðin voru vandlega prófarkalesin. Almennir málnotendur komust í raun hvergi í kynni við ritaða íslensku annarra almennra málnotenda.

Nú er þetta allt breytt. Nú er í landinu fjöldi útvarps- og sjónvarpsstöðva þar sem hver sem er getur látið dæluna ganga endalaust, án nokkurs handrits eða yfirlestrar. Dagblöðum hefur fækkað og prófarkalestri þeirra hrakað, auk þess sem

netmiðlar hafa að verulegu leyti komið í stað prentaðra blaða og eru enn minna yfirlesnir. En aðalatriðið er að nú getur hver sem er skrifað – eftirlitslaust – texta sem allur heimurinn hefur aðgang að á netinu.

Það er í sjálfu sér frábært. Það er stórkostlegt að það skulu ekki lengur vera forréttindi fárra útvalinna að skrifa fyrir lýðinn. Það er augljóslega stórt skref

í lýðræðisátt og á án efa eftir að hafa meiri áhrif en við gerum okkur grein fyrir. En þetta hefur vitanlega mikil áhrif á málstaðalinn og hugmyndir manna um það hvernig íslenskt ritmál sé. Þegar verulegur hluti af því máli sem menn heyra og sjá fylgir ekki staðlinum, þá er ekki von að ungt fólk tileinki sér sjálfkrafa og áreynslulaust.

Við þetta bætist að íslenskan – daglegt mál – hefur vitaskuld breyst talsvert undanfarna öld. Staðallinn hefur hins vegar ekki breyst og því hefur fjarlægðin þarna á milli aukist. Það þýðir aftur að málnotendur þurfa að leggja meira á sig, eða fá meiri kennslu, eða lesa meira af formlegu máli, til að tileinka sér staðalmálið. En raunin er sú að þessu er þveröfugt farið. Íslenskukennsla hefur síst aukist (Íslensk málnefnd 2011), og rannsóknir sýna að ungt fólk les sífellt minna af bókum, þar sem staðlinum er helst fylgt (Brynhildur Þórarinsdóttir, Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjálmsdóttir 2012).

Þetta getur ekki endað nema á einn veg: Bilið milli máls almennings og staðalsins verður óbrúanlegt. Þeir nemendur sem búa við ákjósanlegar aðstæður, t.d. lesa mikið og eiga langskólagengna eða aldraða foreldra – eða eru nörðar – munu geta tileinkað sér staðalmálið til hlítar enn um sinn, en meginhlutinn gerir það ekki (sjá t.d. Ragnar Þór Pétursson 2015). Hætt er við að ritmál þessa meirihluta

„Þegar ég er spurður hvað ég telji mikilvægast til að efla íslenskuna er svarið ævinlega það sama: Vitundarvakning.“

verði bastarður – sambland af hversdagsmáli og einstökum atriðum úr staðlinum sem fólk hefur gripið upp án þess að hafa raunverulegt vald á. Ég þykist stundum sjá merki um þetta í skrifum nemenda nú þegar.

Nýr málstaðall

Það þarf samt að hafa einhvern staðal, eitthvert viðmið til að nota í kennslu þótt ekki væri annað. Ég er ekki þeirrar skoðunar að allt sé jafngott eða jafngilt, þótt „reiðareksmönnum“ hafi iðulega verið borið það á brýn. Ég held hins vegar að það sé nauðsynlegt að breyta þeim staðli sem hefur gilt undanfarna öld og færa hann í átt til þess máls sem almenningur talar og skrifar (en ekki endilega alla leið). Þetta þarf að gerast án þess að fórn að sé hinu órofa samhengi í íslensku ritmáli sem svo oft er vegsamad – með réttu.

En við þurfum að meta hvað skipti raunverulega máli – hvar megi slaka til og hvar sé brýnt að spyrna við fótum, og þá hvers vegna. Ég tel t.d. að öll þau frávik frá staðlinum sem nefnd eru hér að framan séu meinlaus – viðurkenning þeirra myndi ekki raska grundvallaratriðum málkerfisins, ekki gera málið verra tjáningartæki, og ekki rjúfa sögulegt samhengi þess. Um fegurð einstakra tilbrigða geta menn hins vegar auðvitað deilt endalaust.

Það eru líka annars konar ástæður fyrir því að staðallinn þarfnast endurskoðunar. Fólki af erlendum uppruna hefur fjölgað mjög á síðustu árum og við viljum auðvitað að þetta fólk læri íslensku ef það ætlar sér að setjast hér að. Margt af því gerir það líka, en það er ósanngjarnt að ætlast til þess að það hafi málstaðallinn fullkomlega á valdi sínu – þótt það sé iðulega gert, og hnökkrar á máli jafnvel notaðir til að snúa út úr málflutningi fólksins og gera lítið úr því. Frávik þess frá málstaðlinum eru reyndar oft annars eðlis en frávik þeirra sem eiga íslensku að móðurmáli en kalla ekkert síður á að við gerum upp við okkur hvaða kröfur eigi að gera til mismunandi málsniðs – talaðs máls, ritaðs máls, óformlegs máls, formlegs máls o.s.frv.

Vandinn er hins vegar sá að okkur skortir bæði tæki og vettvang til breytinga á málstaðlinum. Það hefur enginn lengur þá stöðu sem Björn Guðfinnsson, Halldór Halldórsson, Árni Böðvarsson, Gísli Jónsson og Baldur Jónsson (allt karlmenn, auðvitað) höfðu á síðustu öld. Ég held að það vilji heldur enginn hafa þá stöðu – eða vilji að einhver hafi þá stöðu yfirleitt. Ef einhver ætti að beita sér fyrir endurskoðun staðalsins væri það kannski helst Íslensk málnefnd sem vann gott starf við mótun íslenskrar málstefnu fyrir nokkrum árum (Íslenska til alls 2008), og hefur m.a. það hlutverk „að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu frá fræðilegum grundvelli“.

En almenn stefna er eitt, útfærsla hennar annað, og jafnvel þótt einhver hefði boðvald eða kennivald til að endurskoða staðallinn væri það ýmsum vandkvæðum bundið. Staðallinn

er nefnilega hvergi skráður nema að hluta til, eins og áður er vikið að – hann felst mestanpart í einhverri tilfinningu sem erfitt er að negla niður, og fæst varla nema með lestri texta þar sem honum er fylgt. En ef fjallið kemur ekki til Múhameds verður Múhamed líklega að brjóta odd af oflæti sínu og koma til fjallsins. Fyrsta skrefið er að vekja umræðu og greina vandann.

Umdæmið

Samfélags- og tæknibreytingar

Snúum okkur nú að hinni hlið þess vanda sem blasir við íslenskunni – umdæmisvandann. Enginn vafi er á að íslenskt samfélag breytist ört um þessar mundir – einkum síðustu 5–8 ár eða svo. Þessar breytingar stafa bæði af efnahagslegum og tæknilegum ástæðum. Mikill uppgangur er í efnahagslífinu, ekki síst vegna gífurlegrar fjölgunar erlendra ferðamanna. Þessi uppgangur leiðir til skorts á vinnuafli sem er mætt með innflutningi fólks til starfa, einkum í byggingariðnaði og ýmsum þjónustustörfum.

Þetta hvort tveggja veldur því að útendingar eru margfalt meira áberandi í íslensku samfélagi en nokkru sinni fyrr. Það leiðir aftur til þess að önnur tungumál en íslenska, og þá einkum enska, eru notuð við hlið íslensku, eða í stað hennar á ýmsum sviðum. Auglýsingar, verðmerkingar, matseðlar o.s.frv. eru meira á ensku en áður, og á matsölustöðum og kaffihúsum er eins víst að maður fái þjónustu á ensku en ekki íslensku. Ýmsir menningarviðburðir eru nú auglýstir á ensku og fara fram á því máli til að draga að ferðamenn. Enska er orðin samskiptamál á mörgum vinnustöðum í ýmsum atvinnugreinum vegna erlendra starfsmanna. Erlendum skiptinemum í háskólum fer einnig fjölgandi og ásamt aukinni áherslu á þátttöku í hvers kyns fræðilegu samstarfi leiðir það til þess að kennsla á ensku eykst smám saman (sbr. Ara Pál Kristinsson og Harald Bernharðsson 2014).

Alþjóðavæðing undanfarinna ára hefur líka haft áhrif á viðhorf fólks. Breytt heimsmynd hefur leitt til þess að fólk er hreyfanlegra en áður og íslenskir unglings sjá ekki framtíð sína endilega á Íslandi. Í nýlegri könnun kom fram að helmingur 15–16 ára unglinga á Íslandi vill búa erlendis í framtíðinni – var þriðjungur fyrir hrun („Helmingur íslenskra unglinga vill helst búa erlendis“ 2015). Ekki er ótrúlegt að þetta hafi áhrif á viðhorf unglinga til íslenskunnar sem þeir vita að gagnast þeim lítið erlendis.

Á tæknisviðinu er það snjalltækjabyltingin sem hefur langmest áhrif. Sú bylting hófst með tilkomu fyrsta snjallsímans árið 2007 og hefur síðan breiðst út á miklum hraða, einkum eftir 2010 eða svo. Hún hefur stóraukið notkun netsins enda getur fólk nú verið með netið í lófanum ef svo má segja frá morgni til kvölds. Samkvæmt nýrri könnun nota 36% barna innan tveggja ára aldurs tölvu

eða spaldtölvu, 71% tveggja til fjögurra ára barna og 92% barna á aldrinum 5–8 ára („Börn á fyrsta ári nota tölvur“ 2017). Flest börn hafa því aðgang að tölvu eða snjallsíma sem þau geta notað til að fara á netið, horfa á myndbönd, spila tölvuleiki o.s.frv. Vitað er að börn, allt niður í mjög ung, horfa mikið á myndbönd á ensku á YouTube og fleiri efnisveitum. Fjöldi fólks, ekki síst börn og unglingar, spilar gagnvirka tölvuleiki á ensku og er þar iðulega í samskiptum við erlenda spilara.

Þótt tæknibreytingar hafi þannig haft gífurleg áhrif á samfélagið á undanförunum árum eru enn meiri breytingar á döfinni. Á næstunni eru líkur á að hvers kyns tækjum verði stjórnad með því að tala við þau. Þessi þróun er þegar hafin, og margir þekkja þegar Siri í iPhone, leiðsögutæki í bílum, sjónvörp sem talað er við o.fl. Nýtilkomin bylting í gervigreind gæti hraðað þessari þróun og í raun gerbreytt samskiptum og notkun tungumálsins.

Áhrif samfélags- og tæknibreytinga á íslenskuna

Allar þessar samfélags- og tæknibreytingar breyta aðstæðum og umhverfi íslenskunnar (sjá Eirík Rögnvaldsson 2016; Sigríði Sigurjónsdóttur og Eirík Rögnvaldsson, væntanl.). Breytingarnar eru þrenns konar. Í fyrsta lagi valda þær stóruáhrifum enskuáreiti – við heyrum og sjáum mun meiri ensku en áður. Enskunotkunin er líka breytt – í stað þess að vera fyrst og fremst einhliða miðlun, þ.e. lestur og áhorf, er sífellt aukin krafa um gagnvirkni – að við getum talað og skrifað ensku, jafnvel við hversdagslegar aðstæður.

Í öðru lagi geta breytingarnar valdið því að íslenska verði beinlínis ónothæf við ákveðnar aðstæður. Það getur átt við um ákveðna vinnustaði eða atvinnugreinar þar sem starfsfólk er að hluta til eða öllu leyti erlent. En það gæti líka gerst á heilum sviðum, svo sem í samskiptum við tölvu og tölvustýrð tæki. Þessi tæki skilja ekki íslensku án sérstakra aðgerða. Vegna þess að viðbúið er að þau verði allsráðandi í umhverfi okkar innan fárra ára myndi það draga verulega úr notagildi íslenskunnar ef hún yrði áfram ónothæf á þessu sviði.

Í þriðja lagi gætu breytingarnar haft þau áhrif að börn á máltökuskeiði fengju minna íslenskt máláreiti í umhverfi sínu. Vitað er að gagnvirk samskipti eru grundvallaratriði í máltökunni – einhliða miðlun, t.d. sjónvarpsáhorf, dugir ekki til (Christakis o.fl. 2009). Ef börn, jafnvel frá fyrsta ári, eru mikið að horfa á sjónvarp og myndbönd, spila tölvuleiki o.s.frv., getur það dregið verulega úr magni íslensks máláreitis. Við það bætist sá möguleiki að foreldrarnir séu niðursokknir í eigin snjalltæki og sinni því ekki að tala nægilega mikið við börnin (sbr. Sigríði Sigurjónsdóttur 2016).

Áhrif þessa breytta umhverfis á tungumálið gætu verið margvísleg. Í fyrsta lagi má búast við beinum áhrifum frá ensku, t.d. á orðaforða og merkingu, en einnig á setningagerð og hugsanlega beygingar og framburð. Í öðru lagi gæti skert

notkunarvið tungumálsins og alþjóðlegra hugarfar dregið úr virðingu fyrir málinu og áhuga á því – orðið til þess að íslenska þætti gamaldags og hallærisleg. Í þriðja lagi gæti minna íslenskuáreiti á máltökuskeiði leitt til þess að börn næðu ekki að byggja upp nægilega öflugt íslenskt málkerfi þannig að íslenskan stæði höllum fæti gagnvart enskuni og breytingar yrðu mun hraðari (sbr. Eirík Rögnvaldsson 2016).

Allt eru þetta vangaveltur – enn sem komið er. Það eina sem við vitum með vissu er að enskan í umhverfi okkar, og ekki síst barna á máltökuskeiði, hefur stóruáhrif undanförunum árum. Breytingarnar á síðustu árum eru fordæmalausar og því þýðingarlaust að vísa til fyrri spádóma um erlend áhrif á íslensku (Pawel Bartoszek 2016), eða til erlendra rannsókna á öðrum tungumálum. Enskan í málumhverfinu er meiri og á fleiri sviðum en nokkru sinni fyrr; enskt máláreiti nær til yngri barna en áður, bæði gegnum snjalltæki og sjónvarpsáhorf; og enskunotkunin er mun gagnvirkari en áður. Við vitum hins vegar ekki hvaða áhrif það gæti haft – eða hefur þegar haft. Viðamikil rannsókn er nú hafin til að reyna að komast að einhverju um það (sjá Sigríði Sigurjónsdóttur og Eirík Rögnvaldsson, væntanl.).

Lífvenleiki íslensku – og hvernig á að meta hann

Undanförunum tvö til þrjú ár eða svo hefur óvenju mikið verið rætt og ritað um stöðu íslenskunnar. Þar eru skoðanir mjög skiptar – ýmsir telja að íslenskan standi sterkt og hafi jafnvel aldrei staðið sterkar (sbr. t.d. Tryggva Gíslason 2015), en aðrir telja að málið sé þegar merkt dauðanum og eigi jafnvel ekki marga áratugi eftir (sbr. t.d. Gunnar Smára Egilsson 2015). Báðir aðilar færa ýmis rök fyrir skoðunum sínum en vandinn er sá að þau rök eru flest byggð á tilfinningu fremur en rannsóknum.

Vissulega er íslenskan fullburða tungumál sem notað er á öllum sviðum þjóðlífsins – í stjórnkerfinu, í menntakerfinu, í verslun og viðskiptum, í fjölmiðlum, í menningarlífinu, á netinu, og í daglegum samskiptum fólks. Staða íslenskunnar í málsamfélaginu virðist því vera mjög sterk, og hingað til hefur verið talið að sé hún borin að mælikvarða UNESCO (2003) um lífvænleik tungumála lendi hún þar í fimmta og efsta styrkleikastrepi og sé „örugg“.

Kvarði UNESCO byggist á sex mælistikum sem eru: (1) Flutningur málsins milli kynslóða; (2) Fjöldi málhafa; (3) Hlutfall málhafa af heildaríbúafjölda; (4) Umdæmi eða svið sem málið er notað í; (5) Viðbrögð málsins við nýjum sviðum og miðlum; (6) Kennsluefni í máli og læsi. Viðmið til að komast í efsta þrep hvorrar mælistiku eru eftirfarandi: (1) Málið er notað af öllum aldurshópum, frá börnum og upp úr; (2) Útilokað að nefna ákveðinn fjölda málhafa, en málsamfélög eru því viðkvæmari sem þau eru minni; (3) Allir í samfélaginu nota málið; (4) Málið er notað á öllum sviðum og til allra þarfa; (5) Málið er notað á öllum nýjum

sviðum; (6) Málið á sér stafsetningu, rithefð, málfræðibækur, orðabækur, texta, bókmenntir og fjölmiðla. Ritmálið er notað í stjórnsýslu og menntun.

Hér vakna tvær spurningar. Sú fyrri er hvort öruggt sé að íslenska nái enn efsta þrepi á öllum mælistikum. Þeim íbúum Íslands sem ekki tala íslensku fer t.d. ört fjölgandi, og vísbendingar eru um að málið sé ekki alltaf notað á sumum sviðum, einkum nýjum sviðum innan tækninnar. Jafnframt hafa komið fram vangaveltur um hugsanlega truflun á máltöku vegna ónógs íslenskuáreitis, eins og nefnt er hér að framan.

En önnur og ekki síður áhugaverð spurning er sú hvort kvarði UNESCO (og aðrir hliðstæðir kvarðar sem beitt hefur verið, sjá Drude o.fl. 2017) dugi til að meta stöðu og lífvænleik tungumála í því umhverfi sem þeim, einkum smáþjóðatungumálum, er nú búið og hefur gerbreyst á fáum árum. Er víst að þær mælistikur sem þróaðar voru fyrir meira en áratug taki á öllu sem máli skiptir í hátæknivæddum heimi þar sem alþjóðahyggi fer vaxandi og stafræn landamæri eru að hverfa? Þetta þarfnast rannsókna, sem nú hefur verið ýtt af stað (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, vantanl.; Drude o.fl. 2017).

Lokaorð

Þótt hér hafi verið talað eins og íslenskan eigi í vök að verjast á mörgum sviðum eru ýmis jákvæð teikn á lofti. Umræða um málið og stöðu þess í fjölmiðlum hefur stóruaukið og enskunotkun í auglýsingum og heitum fyrirtækja og viðburða hefur kallað fram mikil viðbrögð. Ungir tónlistarmenn nota málið á nýstárlegan hátt í rappi. Ríkisstjórnin hefur látið semja metnaðarfulla (en að vísu ófjármagnaða) áætlun um uppbyggingu íslenskrar máltækni sem er lykilatriði ef íslenskan á að verða nothæf og notuð í því hátæknivædda samfélagi sem við erum á leið inn í.

Þegar ég er spurður hvað ég telji mikilvægast til að efla íslenskuna er svarið ævinlega það sama: Vitundarvakning. Stjórnvöld og almenningur þurfa að átta sig á hvað er í húfi og hvernig er hægt að bregðast við, og áhugamenn um íslensku þurfa að hætta að eyða kröftunum í nöldur yfir smámunum eins og „þágufallssýki“ og slíku. Við þurfum öll að einbeita okkur að því sem raunverulega ræður úrslitum um það hvort íslenskan lifir eða deyr: Frjó og skapandi notkun málsins á öllum sviðum.

Þessi grein byggist að miklu leyti á ýmsu sem ég hef áður skrifað um viðfangsefni hennar á öðrum vettvangi. Þar má einkum nefna greinarnar: „Um utanaðkomandi aðstæður íslenskrar málpróunar“ í Skírni (Eiríkur Rögnvaldsson 2016), „Að breyta staðli“ í Hugrás (Eiríkur Rögnvaldsson 2015) og „Íslenska á tölvuöld“ í Frændafundi 9 (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, vantanl.).

Heimildir

- Alda Bryndis Möller. 2014. *Íslenskukennsla í Bessastaðaskóla og á fyrstu árum Reykjavíkurskóla 1805–1855*. BA-ritgerð í íslensku, Háskóla Íslands, Reykjavík. <http://hdl.handle.net/1946/17696>.
- Ari Páll Kristinsson og Haraldur Bernharðsson. 2014. „Landerapport Island: Íslandsk eller engelsk í íslandsk universitetsvirksomhed?“ Frans Gregersen (ritstj.): *Hvor parallelt. Om parallelspråkighet på Nordens universitet*, bls. 427–486. Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn.
- Atli Jóhannsson. 2015. *Breytileiki og málstöðlum. Viðhorf til valinna beygingartilbrigða í íslensku máli á 19. öld*. MA-ritgerð í íslenskrri málfræði, Háskóla Íslands, Reykjavík. <http://hdl.handle.net/1946/20364>.
- Björn Guðfinnsson. 1938. *Íslensk málfræði handa skólum og útarpi*. Ríkisútarpið, Reykjavík.
- Brynhildur Þórarinsdóttir, Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjalmsdóttir. 2012. „Bóklausir og bókaormar. Tengsl menntunar og efnahags foreldra við yndislestur unglina í alþjóðlegu ljósi.“ *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. Sótt 3. október 2017 á <http://netla.hi.is/menntakvika2012/004.pdf>.
- „Börn á fyrsta ári nota tölvur.“ 2017. *Ríkisútarpið* 3. október. Sótt 3. október 2017 á <http://www.ruv.is/frett/born-a-fyrsta-ari-nota-tolvur>.
- Christakis, Dimitri A., o.fl. 2009. Audible Television and Decreased Adult Words, Infant Vocalizations, and Conversational Turns: A Population-Based Study. *Archives of Pediatrics and Adolescent Medicine* 163(6):554–558. DOI: 10.1001/archpediatrics.2009.61
- Drude, Sebastian, Anton Karl Ingason, Ari Páll Kristinsson, Iris Edda Nowenstein, Eiríkur Rögnvaldsson, Einar Freyr Sigurðsson og Sigríður Sigurjónsdóttir. 2017. „Digital Collaboration and Resources: Expanding the EGIDS Scale for Language Development in the Digital Domains.“ *Erindi flutt á ráðstefnunni Communities in Control*, Portúgal, 19.–21. október.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2015. „Að breyta staðli.“ *Hugrás, vefrit Hugvísindasviðs*, 15. nóvember. <http://hugras.is/2015/11/ad-breyta-fjalli-stadli/>.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2016. „Um utanaðkomandi aðstæður íslenskrar málpróunar.“ *Skírni* vor:17–31.
- Gísl Pálsson. 1979. „Vont mál og vond málfræði. Um málveirufraði.“ *Skírni* 153:175–201.
- Guðmundur B. Kristmundsson, Baldur Jónsson, Höskuldur Þráinsson og Indriði Gíslason. 1986. *Um málvöndun og framburðarkennslu í grunnskólum*. Álitsgerð. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Gunnar Smári Egilsson. 2015. „Íslenskan er að deyja og samfélagið með.“ *Fréttatíminn* [vefsíða] 7. mars. Sótt 3. október 2017 á <http://www.frettatiminn.is/islenskan-er-ad-deyja-og-samfelagid-med>.
- Helgi Hálfðanarson. 1985. Í skímunni. *Morgunblaðið* 24. apríl, bls. 32–33.
- „Helmingur íslenskra unglina vill helst búa erlendis.“ 2015. Sótt 3. október 2017 á <http://www.akureyri.net/frettir/2015/07/15/helmingur-islenskra-unglinga-vill-helst-bua-erlendis>
- Íslensk málnefnd. 2011. „Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2011.“ 9. nóvember 2011. Sótt 3. október 2017 á http://islenskan.is/images/Alyktanir-pdf/Alyktun_2011-11-09.pdf.
- Íslenska til alls*. 2008. Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskrri málstefnu. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2001. „Málstefna 21. aldar.“ *Málfrægnir* 11: 3–9.
- Kristján Árnason. 2002. „Upptök íslensks ritmáls.“ *Íslenskt mál* 24:157–193.
- Málfarsbankinn*. e.d. Leiðbeiningar um íslenskt málfar. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík. <http://malfar.arnastofnun.is/>.
- Pawel Bartoszek. 2016. „Íslenskan hefur það fint.“ *Fréttablaðið* 9. janúar.
- Ragnar Þór Pétursson. 2015. „Árlegi pistillinn.“ *Stundin* 15. nóvember. Sótt 3. október 2017 á <https://stundin.is/blogg/maurildi/arlegi-pistillinn/>.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2016. „Snjalltækjavæðing og máltaka íslenskra barna.“ *Hugrás, vefrit Hugvísindasviðs*, 18. ágúst. <http://hugras.is/2016/08/snjalltaekjavaeding-og-maltaka-islenskra-barna/>.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. Vantanl. „Íslenska á tölvuöld.“ Höskuldur Þráinsson og Hans Andrias Sölvará (ritstj.) *Frændafundur* 9.
- Tryggvi Gíslason. 2015. „Dauði íslenskrar tungu – og máltækni.“ *Eyjan* 10. desember. Sótt 3. október 2017 á <http://blog.pressan.is/tryggvigislason/2015/12/10/daudi-islenskrar-tungu-og-maltakni/>.
- UNESCO. 2003. *Ad Hoc Expert Group on Endangered Languages*. Language Vitality and Endangerment. UNESCO, París. Sótt 3. október 2017 á <http://unesdoc.unesco.org/images/0018/001836/183699E.pdf>.